# DAGSKRÁIN
## FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið
Prentgripur 1041 0858

Nr. 2733 | Síðan 1968 | 57. árgangur

Fimmtudagur 4. janúar 2024

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss





*Kristina Pielmeier sendi okkur þessa stórkostlegu mynd af jólatunglinu yfir Ölfusárbrú sem hún segist næstum hafa fórnað fingurgómunum við að fanga þann 22. desember sl. og bætti við: „Eftir sveittan lokasprett í jólainnkaupunum samanstóð hin fullkomna andstæða af smá göngutúr í frosti og næðingi.“*

## Engar hækkanir á gjaldskrám fyrir fjölskyldufólk í Rangárþingi eystra

Rangárþing eystra birti færslu á heimasíðu sveitarfélagsins í desemberlok þar sem fram kemur að við gerð fjárhagsáætlunar hafi sveitarstjórn lagt upp með að hóflegar hækkanir gjaldskráa miðuðu við almennar verðhækkanir.

Þá hafi verið ákveðið að taka sérstakt tillit til fjölskyldufólks og því verði engar hækkanir á gjaldskrám tengdum grunn- og leikskóla sveitarfélagsins. Á það við um gjaldskrá leikskólans Öldunnar, skólamötuneytis og skólaskjólsins, auk þess helst gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu óbreytt milli ára.



*Ljósmynd: Rangárþing eystra*

## Tryggir enn frekar nægt framboð á heitu vatni

Veitur hafa fengið nýtingarleyfi frá Orkustofnun á jarðhita á Bakka og Hjallakrók í sveitarfélaginu Ölfusi. Með leyfinu fá Veitur heimild til að vinna allt að 107,25 l/s að meðaltali yfir árið og 135 l/s hámarksnýtingu á hverjum tíma úr jarðhitageyminum. Til samanburðar var meðalvinnsla ársins 2022 um 64 l/s þannig að heimildir til aukinnar vinnslu eru talsverðar. Vinnsluheimild nýtingarleyfis samsvarar hámarksvinnslugetu þeirra þriggja holna sem Veitur reka á svæðinu en það er mat Veitna að svæðið geti staðið undir meiri vinnslu með frekari borunum.

*Nánar á bls. 4.*



*Borholuhús á Bakka í Ölfusi.*







†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Þórarinn Snorrason**
Vogsósum II, Selvogi,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
25. desember, verður jarðsunginn frá
Þorlákskirkju laugardaginn 6. janúar klukkan 13.

**Elísabet Þórarinsdóttir**
**Snorri Ó. Þórarinsson**
**Friðrik Þórarinsson**
**Eiríkur Þórarinsson** **Bryndís Jónsdóttir**
**Kristín A. Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Búið er að draga úr jólamyndagátu Dagskrárinnar

Dregið hefur verið úr innsendum svörum við jólamyndagátu Dagskrárinnar. Að venju var fjöldi fólks sem tók þátt í gátunni og innsend svör fjölmörg. Það var Eygló Gränz sem gerði gátuna eins og undanfarin 26 ár. Í verðlaun voru vegleg ísveisla fyrir fullorðinsmyndagátuna og frostpinnaveisla fyrir barnamyndagátuna frá Kjörís í Hveragerði. Vinningshafar eru sem hér segir:




**Barnagátan:**
Þuríður Erna, 9 ára

**Fullorðinnsgátan:**
Hrönn Sigurðardóttir

**Barnagátan – lausn**
Í dag fá börn ekki kerti og spil í jólajöf eins og amma og afi. Nú er á óskalistanum símar og tölvuleikir. Tímar breytast.

**Fullorðinsgátan – lausn**
Ekki verða gleðileg jól hjá öllum jarðarbúum nú í ár, því grimm stríð geysa víða á jörðinni og sér líklega ekki fyrir endann á þeim hörmungum. Málefni Grindvíkinga hafa verið í brennidepli eftir að þeir urðu að flýja bæinn sinn vegna náttúruhamfara, en vonandi fer það á besta veg. Verum góð hvort við annað.

**Nýtt judo ár** allir velkomnir í judo

JUDO
Judofélag Suðurlands

Sjá upplýsingar á heimasíðu **jsjudo.is**
jsjudo@jsjudo.is 790 2132 / 893 4334
Selfossi - Eyrarbakka - Hvolsvelli

# Félagsstörf í forystu í Hveragerði

Félag eldri borgara í Hveragerði hefur í haust kastað sér í djúpu laugina með nýjungar á haustmisseri sem nú hefur komið í ljós að var gæfuspor. Stjórnin hafði frá því sl. vor átt í viðræðum við bæjarstjórann um hvort ekki væri hægt að styðja við félagið með að leggja til starfsmann í hlutastarfi á skrifstofu okkar til aðstoðar við skráningar, tölvuvinnslu, almenna upplýsingagjöf ofl. fyrir félagsmenn.

Með kröftugu starfi félagsins síðustu árin hefur allt utanumhald vaxið mjög og lagst þungt á stjórnarmenn sem vinna launalaust. Ákveðið var fyrir haustmisserið að taka í notkun skráningarkerfið Sportabler til að skrá sig á námskeið og viðburði. Þetta er kerfi sem notað er hér fyrir íþróttir og félagsstarf. Þetta var erfitt fyrir marga, sérstaklega þá sem ekki eru vanir snjalltækjanotkun. Stjórnin réði því starfsmann í hlutastarf í einn og hálfan mánuð til að aðstoða við skráningar haustsins.

Nú hefur Bæjarráð Hveragerðisbæjar falið frístundamiðstöðinni Bungubrekku það verkefni að sinna þjónustu og stuðning við Félag eldri borgara í Hveragerði. Frístundamiðstöðin Bungubrekka mun sinna almennri þjónustu við stjórn og félagsmenn, halda utan um skráningarkerfi starfsins og félagatal ásamt því að aðstoða við bókhald og gerð ársreikninga. Frístundamiðstöðin mun einnig taka markvissan þátt í skipulagningu námskeiða, hópastarfi og annara viðburða innan félagsins í samráði við stjórn.

Ákveðinn starfsmaður innan Bungubrekku verður sérstakur tengiliður við Félag eldri borgara og verður með fasta viðveru á skrifstofu félagsins og mun ásamt forstöðumanni Bungubrekku sinna verkefnavinnu og tryggja framþróun félagsins. Það sem gerir þessar áætlanir einstaklega spennandi er að Félag eldri borgara í Hveragerði fær ekki aðeins einn starfsmann sér til stuðnings heldur í raun og veru alla frístundamiðstöðina, hennar innviði og mannauð sér til stuðnings.

Frístundamiðstöðin Bungubrekku er leiðandi á landsvísu þegar kemur að heildrænu frístundastarf og var á dögunum tilnefnd til íslensku menntaverðlaunana fyrir fagmennsku í frístundastarfi, metnaðarfulla innleiðingu á gæðaviðmiðum og miðlun á starfi sínu innan sem utan Hveragerðis. Frístundamiðstöðin Bungubrekka heldur utan um skipulagt frístundastarf í sveitarfélaginu. Þar má nefna frístundaheimili, félagsmiðstöð, ungmennastarf og ungmennaráð, rafíþróttastarf, sumarstarf barna og unglinga, vinnuskóla og núna Félag eldri borgara í Hveragerði. Allt starfsfólk Bungubrekku getur starfað þvert á allt starfið og tekið þátt í verkefnum, undirbúning, viðburðum og öllu öðru sem snýr að því starfi sem tilheyri frístundamiðstöðinni.

Stjórn Félag eldri borgara í Hveragerði hefur haldið fundi með forstöðumanni frístundamiðstöðvarinnar og starfsfólki um margs konar samstarf til hagsbóta fyrir bæði yngri og eldri Hvergerðinga. Við erum öll mjög ánægð með þessa spennandi lausn og sjáum fyrir okkur margs konar möguleika og verkefni til að styrkja allt félagsstarf í bænum.

Þann 6. desember var haldinn jólafundur Félags eldri borgara á Hótel Örk þar sem 90 manns hlýddu á kynningu á þessu samstarfi sem er farið af stað. Margir lýstu yfir mikilli ánægju með þetta fyrirkomulag.

*Félag eldri borgara í Hveragerði*
*Frístundamiðstöðin Bungubrekka*

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Nýjar fréttir á hverjum degi!



SUB EHF
HLJÓÐ - LJÓS - MYND
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST
subkerfi@gmail.com 8467713




Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónustu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.
Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

**Stekkjaskóli - laus störf**

Sveitarfélagið ÁRBORG

Stekkjaskóli leitar eftir öflugu starfsfólki sem er tilbúið að taka þátt í skólaþróun og byggja upp farsælt skólastarf í nýjum grunnskóla. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag.

**Hér með eru auglýstar eftirfarandi stöður.**
- Grunnskólakennari - kennsla nemenda með íslensku sem annað tungumál
- Stuðningsfulltrúi
- Sérfræðingur, s.s. þroskaþjálfi, iðjuþjálfi, uppeldis- og menntunarfræðingur eða grunnskólakennari

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar 2024**
Nánari upplýsingar um störfin veitir Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is , sími 480-1600 / 863-0922 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is. **Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins https://sveitarfelagid-arborg.alfred.is/.**




SALE
SALE
SALE
SALE

40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ÚTSÖLUVÖRUM

Motivo
VERZLUN

Brúarstræti 3 Selfossi. S. 482 1700. Motivo.is



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

Vertu hjartanlega velkomin

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Umhverfisvottuð prentsmiðja

# FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA

Heimasíða: www.ffar.is | Facebook: Ferðafélag Árnesinga
Netfang: ffarnesinga@gmail.com | Sími 848 8148

*Brottför frá Fjölbrautaskólanum á Selfossi í flestar ferðir. Brottfarartími auglýstur á heimasíðu/fésbók þegar nær dregur og nánari upplýsingar um ferð. Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram. Allar ferðir geta tekið breytingu frá auglýstri dagskrá.*

## FERÐIR 2024

### Inghóll
*2 skór - 6. janúar.*
Hefðbundin fyrsta ganga ársins á Ingólfsfjall. 9 km, 500 m hækkun

### Selatangar – Húshólmi
*2 skór - 27. jan.*
12 km, lítil hækkun

### Strandganga
*2 skór - 17. feb.*
Álftanes – Kópavogur Vegalengd 20 – 25 km mest á stígum.

### Mosfellsheiði
*3 skór - 9. mars*
Leikið eftir veðri og aðstæðum

### Kaldársel, Grindaskörð, Selvogsgata
*3 skór - 23. mars*
Gömul þjóðleið 22 km, 450 m hækkun

### Vörðufell með ánni
*2 skór - 6. apríl*
Gengið með fjallinu með Hvítá

### Óhefðbundið Ingólfsfjall sumardagurinn fyrsti
*2 skór - 25. apríl*
Farin óhefðbundin leið á fjallið, leikið af fingrum fram.

### Hrútsfjallstindar
*4 skór - 18 maí*
Ferð fyrir félaga. Takmarkaður fjöldi.

### Högnhöfði
*2 skór - 8. júní*
Vegalengd 12 km, hækkun um 950 m.

### Vatnsfell – Þóristindur
*2 skór - 23. júní*
15 km, 500 m hækkun

### Grænihryggur
*3 skór - 29. júní*
20 km, 900 m hækkun

### Núpstaðaskógur
*3 skór - 12. - 14. júlí*
Gistiferð

### Árnes
*2 skór - 10. ág.*
Lokuð ferð fyrir félaga – takmarkaður fjöldi

### Rángárvalla afréttur
*2 skór - 24. ág.*
Verður leikið eftir veðri

### Rauðufossafjöll
*3 skór - 7. sept.*
15 km, hækkun 900 m

### Þórsmörk
*2 skór - 21. sept.*
Helgarferð. Gengið um Þórsmörkina báða dagana.

### Hrafnabjörg
*2 skór - 12. okt.*
15 km, hækkun 700 m

### Hestfjall
*2 skór - 2. nóv.*
12 km, hækkun 350 m

### Fjall í Grafningi
*2 skór - 23. nóv.*
Þægilegt fjall valið eftir aðstæðum

### Hellisskógur - jólakakó
*11. des.*
Hefðbundin fjölskylduganga í skóginum og kakó í hellinum.

**ATH. Ferðafélag Árnesinga tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð.**

**Félagið hvetur fólk til að kaupa ferða og slysatryggingu.**

# Tryggir enn frekar nægt framboð á heitu vatni

Veitur hafa fengið nýtingarleyfi frá Orkustofnun á jarðhita á Bakka og Hjallakrók í sveitarfélaginu Ölfusi. Með leyfinu fá Veitur heimild til að vinna allt að 107,25 l/s að meðaltali yfir árið og 135 l/s hámarksnýtingu á hverjum tíma úr jarðhitageyminum. Til samanburðar var meðalvinnsla ársins 2022 um 64 l/s þannig að heimildir til aukinnar vinnslu eru talsverðar. Vinnsluheimild nýtingarleyfis samsvarar hámarksvinnslugetu þeirra þriggja holna sem Veitur reka á svæðinu en það er mat Veitna að svæðið geti staðið undir meiri vinnslu með frekari borunum.



*Borholuhús á Bakka í Ölfusi.*

### Vaxandi eftirspurn eftir heitu vatni

Hitaveitan í Þorlákshöfn og í Ölfusi hefur verið í eigu Veitna frá árinu 2014 og þar á undan í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, móðurfélags Veitna, frá árinu 2000. Þorlákshafnar- og Ölfusveita starfar á grundvelli sérleyfis til rekstrar hitaveitu í Þorlákshöfn og ber Veitum skylda til að tryggja nægjanlegt vatn til hitaveitu.

Auka þarf orkuvinnslu á svæðinu til að mæta vexti í eftirspurn eftir heitu vatni í takti við fólksfjölgun og vegna aukinna umsvifa fyrirtækja. Útlit er fyrir að fjölgun íbúa og fyrirtækja á svæðinu haldi jafnt og þétt áfram á næstu árum. Einnig er litið til aðalskipulags sveitarfélagsins til næstu áratuga og hugmynda um fjölþætt atvinnutækifæri sem byggja á nýtingu jarðhita. Tilgangur fyrirhugaðrar nýtingar á jarðhita er því að tryggja Þorlákshafnar- og Ölfusveitu varma til húshitunar, iðnaðar og annarrar atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

### Skynsamleg nýting og sjálfbærni að leiðarljósi

„Það skiptir miklu máli að Veitur hafi nú nýtingarleyfi á jarðhita á Bakka. Það hefur verið töluverð fólksfjölgun undanfarin ár í Ölfusi og atvinnulífið er í mikilli sókn. Því er nauðsynlegt að Veitur geti sinnt sinni lögbundnu skyldu og tryggi enn frekar nægjanlegt vatn til hitaveitu. Við viljum vera góður samstarfsaðili allra sveitarfélaga á okkar starfssvæði og þetta er liður í því,“ segir Hrefna Hallgrímsdóttir forstöðumaður hitaveitu hjá Veitum.

Núverandi áætlanir um aukna framleiðslugetu veitunnar taka mið af fyrirsjáanlegri aukningu í almennri notkun vegna fólksfjölgunar í Þorlákshöfn, og af aukningu í eftirspurn frá stórnotendum. Fólksfjöldaspá gerir ráð fyrir 8 til 10% fjölgun íbúa í Þorlákshöfn til 2029 og útlit er fyrir stóraukna eftirspurn eftir heitu vatni vegna fiskeldis á veitusvæðinu.

„Veitur leggja áherslu á að framtíðarnýting jarðhitans verði með skynsamlega nýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi. Við teljum jafnframt nauðsynlegt að hafa í huga að nýting jarðhitans í Ölfusi er talsvert ólík öðrum stöðum þar sem jarðhiti er nýttur, því óvenjustór hluti jarðhitans á þessu svæði er nýttur til atvinnustarfsemi. Þessum sérkennum ætlum við að hlúa að,“ segir Hrefna.

Við undirbúning að útgáfu leyfisins var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og sveitarfélagsins Ölfuss, sem og landeigenda á nýtingarsvæðinu.

## Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Hylli kvenna alltaf á,
ansi dýr er málmur sá.
Leikfang barna líka er,
ljómandi á fingri þér.

Svar við gátu í blaði 2732: **FLUGA**
1. Veiði**fluga** - 2. **Fluga**/meinloka
3. Litla **flugan** - 4. Svif**fluga**

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
**Blaðamaður:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

**ISSN 1670-407X**

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

# Sunnlenski matgæðingurinn



Allar uppskriftir sunnlensku matgæðinganna má finna inni á DFS.IS

*Jóhanna Sigríður Hannesdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.*



Ég þakka kærlega þann heiður að hafa verið valin Matgæðingur vikunnar hjá Dagskránni.

Að elda og baka er mitt jóga - matarjóga, eins og ég kýs að kalla það. Ég slaka hvergi betur á hugsununum eins og þegar ég er að bardúsa eitthvað í eldhúsinu. Þá næ ég að vera í núinu og flæðinu. Ég mæli sjaldnast hlutföllin, geri bara dass af hinu og þessu og man ekki einu sinni alltaf hvaða hráefni ég notaði. Svona er það þegar maður gleymir stund og stað.

Ég á þó nokkrar uppskriftir í handraðanum þar sem ég lagði mig sérstaklega fram við að skrifa allt samviskusamlega niður um leið og ég bjó til uppskriftina. Stundum finn ég á mér að það sem ég er að búa til stefnir í einhverja snilld - og þá er eins gott að skrifa niður hráefni og hlutföll.

Áhugasamir geta fundið fleiri hollar og bragðgóðar uppskriftir inni á sunnlenska.is undir „Fagurgerði“. Uppskriftirnar eiga það allar sameiginlegt að vera glútenfríar og vegan - næra og kæta.

Þessi kaka hefur slegið í gegn hjá öllum þeim sem hafa smakkað. Ein vinkona mín sendi mér nýlega skilaboð og sagði að hún hefði gert þessa uppskrift að minnsta kosti 100 sinnum - svo mikið heldur hún upp á hana. Þessi kaka er líka ekta til að eiga inn í frysti þegar manni langar í eitthvað sætt en hollt.

### Karamellubomba (glútenfrí og vegan)

**Botn:**
1 bolli möndlur
1 bolli kókosflögur
Smá sjávarsalt
1 bolli döðlur
3 msk. hlynsíróp
2 msk. kókosolía
1 tsk. vanilla

Setjið möndlurnar, kókosflögurnar og sjávarsaltið í blandara og blandið þar til það er orðið að þokkalegu fíngerðu mjöli. Setjið í skál og leggið til hliðar.

Setjið döðlurnar í skál og hellið sjóðandi heitu vatni yfir. Látið liggja í vatninu í sirka 10 mínútur. Þetta er gert til að mýkja döðlurnar enn frekar þannig að það sé auðvelt að búa til mauk úr þeim.

Hellið vatninu af döðlunum og kreistið umfram vatn úr þeim í leiðinni. Setjið döðlurnar í blandara og maukið.

Setjið döðlumaukið, hlynsírópið, kókosolíuna og vanilluna í skálina með hinu hráefninu. Blandið saman með skeið eða sleif, eftir því sem ykkur finnst vera betra. Deigið er mjög þykkt og klístrað og því getur verið erfitt að hræra í því.

Setjið deigið í hringlaga eldfast mót. Dreifið vel úr með sleifinni.

Setjið mótið inn í frysti á meðan þið búið til karamelluna.

**Karamella:**
1 krukka Biona möndlusmjör (eða annað dökkt möndlusmjör) Ein krukka er 250 gr.
¼ bolli hlynsíróp
4 msk. kókosolía
Smá sjávarsalt
½ tsk. vanilla

Bræðið allt saman í vatnsbaði. Hrærið hratt og ákveðið í blöndunni þegar möndlusmjörið er byrjað að bráðna. Möndlusmjörið er mjög þykkt og blandast ekki restinni af hráefnunum af sjálfu sér.

Þegar karamellan er orðin silkimjúk og laus við alla kekki, sækið þá mótið úr frystinum og hellið yfir botninn. Dreifið vel úr með sleikjunni.

Skreytið með söxuðum möndlum og muldum kókosflögum. Setjið smá hlynsíróp yfir (þvers og kruss) en bara rétt svo að það sjáist. Ekki setja það mikið að það verði allt löðrandi í því.

Setjið mótið aftur inn í frysti og geymið í nokkrar klukkustundir eða yfir nótt.

---

Þessa pizzu geri ég mjög oft. Ég geri líka oft tvöfalda uppskrift ef ég vil hafa botninn þykkari og pizzuna saðsamari. Kínóagrjónin eru auk þess próteinrík þannig að þessi pizza er alveg sérlega holl - og góð.

### Kínóapizza (glútenfrí og vegan)

½ bolli kínóa
(Tæplega) ¼ bolli vatn
1 msk. ólífuolía
1 tsk. vínsteinslyftiduft
1 tsk. oreganó
½ tsk. sjávarsalt

Leggið kínóagrjónin í bleyti yfir nótt.

Þegar þið eruð búin að láta kínóagrjónin liggja í bleyti nægilega lengi, skolið þau þá mjög vel í fíngerðu sigti (það fíngerðu að grjónin fari ekki í gegnum götin).

Stillið bakaraofninn á 180°C með blæstri.

Setjið kínóagrjónin í blandara ásamt restinni af hráefninu og blandið öllu vel saman eða þar til blandan er orðin silkimjúk (tekur ekki langan tíma). Athugið að deigið er MJÖG þunnt en þannig á það líka að vera.

Takið kökuform, sirka 20 cm í þvermáli og leggið það á bökunarpappír. Teiknið hring utan um formið og klippið út. Já eða bara klæðið hringlaga kökuform með bökunarpappír ef þið nennið ekki að föndra.

Setjið útklippta bökunarpappírinn í botninn á forminu.

Hellið deiginu í formið og setjið inn í ofn. Bakið í 20 mínútur.

Þegar 20 mínútur eru liðnar, takið þá formið úr ofninum, losið um hringinn á kökuforminu og hvolfið botninum varlega á ofnplötu (sem þið hafið sett bökunarpappír á áður).

Losið bökunarpappírinn varlega af botninum (gott að nota hníf eða pönnukökuspaða til að styðja við pappírinn svo að botninn fari örugglega allur af pappírnum).

Setjið aftur inn í ofn og bakið í 10 mínútur.

Setjið sósu og það álegg á pizzuna sem þið viljið og bakið pizzuna í 10 mínútur við 200°C.

---

Ég skora á „systur“ mína Málfríði Ernu Samúelsdóttur að vera næsti matgæðingur. Þegar við vorum litlar stelpur í Stóru-Sandvík bjuggum við til ófáar drullukökur úr hráefnum sveitarinnar sem við skreyttum með blómum og skeljasandi. Við sóttum fíngerða mold úr Skálphúsinu til að búa til „ekta súkkulaðikrem“ á kökurnar okkar. Þetta voru meistaraverk hjá okkur. Ég er viss um að hún Erna mín eigi til einhverjar góðar og girnilegar uppskriftir - sem má borða.

---

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.*

# ÚTSALA
# ÚTSALA
# ÚTSALA
# ÚTSALA

## 20-70% AFSLÁTTUR
## AF VÖLDUM VÖRUM

ÞÚ SÉRÐ ÖLL TILBOÐIN Á BYKO.IS

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# Ábending frá Skógræktarfélagi Rangæinga

Við hjá Skógræktarfélagi Rangæinga viljum vekja athygli þeirra sem keyptu lifandi „jólatré“ af félaginu eða öðrum að koma trjánum á grendarstöð hjá sveitarfélögunum. Í Rangárþingi ytra er grendarstöð staðsett austan við gamla hesthúsahverfið á Hellu. Þar verður trjánum safnað saman og síðan kurluð næsta vor og efnið nýtt í göngustíga og beð eins og t.d í Aldamótaskógi. Með þessu er náð hámarks nýtni á afurðinni. Mikilvægt er að enginn annar úrgangur sé settur með trjánum, aðeins tré og stærri greinar. Ánægjulegt er að geta þess að nú leggst Rangárþing ytra á árarnar með Skógræktarfélagi Rangæinga og ætlar að bæta umgengni á trjáviði sem fellur til hjá sveitarfélaginu og hefur hingað til verið keyrður niður í syðri malarnámuna í Aldamótaskógi.

Á Hvolsvelli er hægt að fara með jólatré á losunarstað fyrir garðaúrgang norðan við Hallgerðartún. Sjá má móttökustaðinn á meðfylgjandi mynd hér fyrir neðan. Trjástofnar og stórar greinar verða síðar kurlaðar og notaðar í gróðurbeð á grænum svæðum í þorpinu og í göngustíga á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Má nefna að undanfarin ár hefur kurlið m.a. farið í göngustíga um Tunguskóg, Þorsteinslund, Trjásafnið í Múlakot og á önnur svæði sem til falla ár hvert.

Mikilvægt er að þarna fari aðeins trjástofnar og stærri greinar. Ekki lauf úr görðum, tré með rótum, afklippur limgerða, gras, mold, sandur eða annað það sem gæti skemmt bit í kurlara sem kemur til með að vinna úr efniviðnum. Slíkt á að fara í gryfjurnar sem eru við hliðina og vera alltaf sá valkostur ef menn eru í vafa.

Mikilvægt er að passa upp á að það fari aðeins garðaúrgangur á þetta svæði og ekki annar úrgangur með eins og t.d. plast, pappi og þ.h. Einnig á steypa, járn og annar grófúrgangur ekki heima í þessu svæði heldur aðeins á Strönd. Hjálpumst að við að halda svæðinu til fyrirmyndar og 99% íbúa hafa staðið sig frábærlega vel og sveitarfélagið er þakklátt fyrir það.




# Íþróttafólk Umf. Selfoss hlýtur viðurkenningu

Kjöri á íþróttafólki ársins 2023 á Selfossi var lýst á verðlaunahátíð Ungmennafélags Selfoss í desember. Júdómaðurinn Egill Blöndal og handknattleikskonan Katla María Magnúsdóttir voru þar útnefnd íþróttafólk ársins. Í tilkynningu frá UMFS segist félagið stolt af því að hafa þau innan sinna raða, þau hafi bæði átt frábært íþróttaár og séu vel að valinu komin.




# Krónan veitti 54 fjölskyldum matarúttekt fyrir jólin



Fyrir jól afhenti Krónan hjálparsamtökum á Suðurlandi 54 gjafakort sem safnað var fyrir í jólasöfnun Krónunnar á aðventunni. Þá bauðst viðskiptavinum að styrkja hjálparsamtök sem sjá um matarúthlutanir í sínu nærsamfélagi í aðdraganda jóla og jafnaði Krónan þá upphæð á móti. Matarúttektirnar verða veittar af Selfosskirkju, Sjóðinum góða í Árnessýslu, Stórólfshvolskirkju og Rauðakross Víkursvæðis. Viðskiptavinir Krónuverslana á Suðurlandi, ásamt Krónunni söfnuðu rúmlega 1,1 milljón króna en samtals söfnuðust 12 milljónir króna í jólastyrkjasöfnun matvöruverslunarinnar um allt land.

„Markmið okkar fyrir þessi jól var að styrkja 500 fjölskyldur en í fyrra hlutu 450 fjölskyldur stuðning í formi matarúthlutana. Í samvinnu við okkar kæru viðskiptavini náðum við þessu markmiði og gott betur en 600 fjölskyldur fá matarúthlutun í ár vegna söfnunarinnar. Þetta er í fjórða sinn sem við bjóðum viðskiptavinum að láta gott af sér leiða á aðventunni og hefur ávallt verið tekið vel í þetta framtak. Jólamánuðurinn getur verið erfiður á mörgum heimilum og því er þetta samvinnuverkefni okkur afar mikilvægt,“ segir Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar.

Söfnunin fór þannig fram að viðskiptavinum bauðst að styrkja fyrir 500 krónur eða meira og Krónan jafnaði sömu upphæð á móti. Upphæðin rennur beint til hjálparsamtaka í nærsamfélagi sem styðja þau sem þurfa á mataraðstoð að halda fyrir jólin. Styrkirnir eru veittir í formi gjafakorta svo að styrkþegar geti sjálfir valið í sína matarkörfu fyrir hátíðirnar.




Góðgerðarsamtökin sem hljóta styrki í formi gjafakorta frá viðskiptavinum og Krónunni í ár eru Velferðarsvið Reykjanesbæjar, Selfosskirkja, Sjóðurinn góði í Árnessýslu, Stórólfshvolskirkja, Rauðikross Víkursvæðis, Styrktarsjóður Landakirkju, Jólasjóður Fjarðabyggðar, Velferðarsjóður Eyjafjarðarsvæðis, Mæðrastyrksnefnd Akraness, Mæðrastyrksnefnd Kópavogi, Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar, Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.

# Byggja göngubrú yfir Ytri-Rangá

Brúarvinnuflokkur Vegagerðarinnar vinnur nú að gerð göngu- og hjólabrúar yfir Ytri-Rangá við Hellu. Göngubrúin verður fest utan á núverandi brú sem er 84 m löng og var byggð árið 1960. Öryggi gangandi og hjólandi eykst til muna en auk þess er göngubrúnni ætlað að tengja þorpið við nýtt hverfi sem á að rísa vestan megin við ána. Þetta segir í tilkynningu frá Vegagerðinni.

Sigurjón Karlsson, yfirverkstjóri brúarvinnuflokksins segir verkið hafa tekið aðeins lengri tíma en ráð var gert fyrir. Verkið hófst í júní og var múrvinnu lokið í september. „Við gerðum við steypuskemmdir í bríkum, gerðum við steypu í gangbrautum sem liggja meðfram akbrautum brúarinnar, gerðum við skemmdir í landstöplum og steyptum upp hliðarvegg að austan undan straum,“ er haft eftir Sigurjóni.

Eftir að steypuviðgerðum lauk hefur verið unnið að uppsetningu göngubrúarinnar. Verkið snýst um að bora göt í bríkur og steypta bita svo hægt sé að festa við svokölluð stálknekti sem halda uppi nýja brúargólfinu. „Stálknektin koma tilbúin en við höfum smíðað gólfeiningarnar sjálfir og híft þau á knektin. Við þurftum að festa gólfið neðan frá og gerðum það með körfubíl.“ Sigurjón segir verklok aðeins óljós þar sem bið verður á að fá stálið í handriðin.



*Sigurjón Karlsson, yfirverkstjóri brúarvinnuflokksins. Ljósmynd: Vegagerðin.*

### Tenging við göngu og hjólastíga

Sveitarfélagið Rangárþing ytra hefur í samvinnu við Landsnet og Vegagerðina unnið að undirbúningi hjóla- og göngustígs á milli Hellu og Hvolsvallar sem til skoðunar er að leggja á næstu árum. Vegagerðin styrkir sveitarfélagið í þeirri framkvæmd. Fyrsta skrefið er að gera stígatengingar við nýju göngubrúna og eru framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins hafnar.



*Brúarvinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Vík sér um uppsetningu göngubrúarinnar. Ljósmynd: Vegagerðin.*



*Flekar sem mynda brúargólfið hífðir á stálnekta. Ljósmynd: Vegagerðin.*

Klausturbleikja

# Rekstrarstjóri

*Frá stofnun hefur Klausturbleikja ehf á Kirkjubæjarklaustri sérhæft sig í eldi og vinnslu á bleikju og er þekkt fyrir einstök gæði.*

*Klausturbleikja er alin í einstaklega tæru lindarvatni undan Vatnajökli en einstök vatnsgæði íslenskrar náttúru eru stór þáttur í gæðum fisksins. Vatnajökull er stærsti vatnsforði Íslands og að hluta til yfir 1000 ára gamall ísmassi.*

*Eldisaðstæður líkjast náttúrulegum árstraumi þannig að bleikjan getur hreyft sig og vaxið eðlilega. Klausturbleikja er alin á fóðri sem stuðlar að jöfnum vexti jafnvel við mjög lágt hitastig.*

**Klausturbleikja** á Kirkjubæjarklaustri leitar að fjölhæfum og útsjónarsömum leiðtoga í starf rekstrarstjóra. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á fiskeldinu og fiskvinnslu félagsins.

Um er að ræða áhugavert starf fyrir réttan einstakling hjá fyrirtæki sem hyggst vaxa á næstu árum. Möguleiki er á eignarhaldi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Daglegur rekstur og ábyrgð á öllu skipulagi.
- Ábyrgð á framleiðslu, gæðum og öryggi á starfsstöð.
- Ábyrgð á allri fóðrun og vinnslu á fiski, s.s. flökun, snyrtingu, reykingu og pakkningu.
- Ráðningar, starfsmannahald og skipulag starfseminnar.
- Verkefnastjórnun og þjálfun starfsfólks.
- Samskipti við hagaðila starfseminnar, þar á meðal birgja, þjónustuaðila, eftirlitsaðila og starfsmenn.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi og er menntun í fiskeldi eða fiskiðnaði kostur.
- Farsæl reynsla af stjórnun.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulag, frumkvæði og fagmennska í vinnubrögðum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og jákvætt viðhorf.
- Góð enskukunnátta.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. janúar nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

STARF

# Viltu gera þér mat úr þessu?

Við leitum að leiðtoga í mötuneyti okkar við Sogsstöðvar til að hafa yfirumsjón með og skipuleggja daglegan rekstur mötuneytisins. Viðkomandi ber ábyrgð á matargerð, framreiðslu og innkaupum vegna reksturs mötuneytis á svæðinu, ásamt því að sjá um ræstingar í húsnæði mötuneytisins.

**Hæfni:**

– Menntun á sviði matreiðslu
– Þekking á næringarfræði
– Reynsla af sambærilegum rekstri æskileg
– Lipurð í mannlegum samskiptum og leiðtogafærni
– Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
– Þekking á innra eftirliti og GÁMES-kerfinu

**Umsóknarfrestur er til og með 7. janúar**

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf

Landsvirkjun



# JÓLAKROSSGÁTA



**LÁRÉTT**

**3.** ALVEG BANNAÐ AÐ KASTA ÞESSUM OF FAST
**5.** ÞAÐ ER BEST AÐ FARA Í ÞESSI Á JÓLADAG
**6.** ÞAU FALLA
**8.** STÓR BRÆÐRAHÓPUR
**10.** ÞETTA GERIR HEIMILIÐ JÓLALEGT
**11.** FULLORÐNIR VERÐA AÐ VERA MEÐ ÞEGAR KVEIKT ER Á ÞESSUM
**12.** ÞRÁTT FYRIR ALLT ER EKKI KÍLÓ AF PIPAR Í ÞEIM

**LÓÐRÉTT**

**1.** SNÆFINNUR ER MEÐ EINA SVONA Í ANDLITINU
**2.** "ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ FALLEGT, Í ÞAÐ MINNSTA KERTI OG ..."
**4.** DAGURINN SEM VIÐ BÍÐUM ÖLL EFTIR!
**7.** ÞESSI KANN EKKI AÐ LOKA RÓLEGA...
**9.** SÝNUM NÁUNGANUM ÞETTA, SÉRSTAKLEGA Á JÓLUNUM

***Kveðjum jólin að sinni. Elín María Halldórsdóttir, grafískur hönnuður og myndskreytir, setti þessa skemmtilegu krossgátu saman fyrir okkur sem tilvalið er að spreyta sig á áður en við kveðjum jólin á laugardag.***

# Álfrún Diljá Kristínardóttir er Dúx FSu

Brautskráningardagur í FSu markar alltaf tímamót og er hátíðisdagur í hugum okkar allra. Miðvikudaginn 20. desember útskrifuðust 62 nemendur af hinum fjölmörgu brautum skólans í bóknámi og verknámi eða samspili þessara tveggja. Í upphafi athafnar flutti kór skólans undir stjórn Stefáns Þorleifssonar tvö jólalög og nemandinn Sveinn Skúli Jónsson tróð upp með einsöng og heillandi framkomu um miðbik athafnar.

Fjörutíu ára stúdentar skólans settu svip sinn á samkomuna með því að fjölmenna og fagna þessum tímamótum. Sigþrúður Harðardóttir núverandi kennari skólans flutti fróðlegt erindi fyrir þeirra hönd og lýsti námsaðstæðum nemenda þegar ekkert var skólahúsnæðið og nemendur hlupu á milli húsa bæjarins í leit að þekkingu. Enda var skólinn í þá daga kallaður Hlaupabrautin.

Í ræðu sinni lagði skólameistari Olga Lísa Garðarsdóttir meðal annars áherslu á þann undirbúning fyrir lífið sem góð menntun væri. Og um leið varpaði hún ljósi á það hversu mikilvægt það væri „að hugsa út fyrir boxið, gera uppgötvanir, hanna nýjar lausnir og nýskapa. Móta nýjungar og breyta samfélaginu í átt að meiri mennsku, stefna að jafnræði milli allra þegna samfélagsins, vinna í þágu umhverfisverndar og sjálfbærni." Svo sannarlega orð í tíma töluð. Aðstoðarskólameistari Sigursveinn Sigurðsson flutti annál annarinnar en það er rík hefð við útskrift skólans að tíunda það sem gert er utan hefðbundins



skólastarfs auk tölulegra upplýsinga. Hér má nefna ýmsar vettvangsferðir og gestakomur erlenda nemenda og kennara, félagslíf nemenda, kvöldvökur, söngkeppni og íþróttaviku, utanlandsferðir og útilíf, myndlistasýningar, fjársöfnun til styrktar sjúkum og nýjungar í námsframboði skólans.

Ræða brottfarenda var í höndum Jóhönnu Fjólu Sæmundsdóttur sjúkraliðanema og fórst henni það afar vel úr hendi þar sem hún lagði áherslu á hversu persónulegur skóli FSu væri þar sem gagnkvæm virðing ríkir milli nemenda og starfsfólks skólans. Auk viðurkenninga fyrir góðan námsárangur einstakra greina sem Sigursveinn Sigurðsson afhenti kom það að lokum í hlut Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur formanns skólanefndar FSu að útnefna Dúx Scholae eða þann nemanda sem nær hæstri meðaleinkunn útskrifaðra nemenda. Að þessu sinni varð hlutskörpust Álfrún Diljá Kristínardóttir og hlýtur hún námsstyrk frá Hollvörðum skólans en að baki þeim stendur öflugur hópur velunnara skólans. Um Álfrúnu fullyrti Jóhanna út frá lýsingum kennara að hún sé „með smitandi jákvæðan kraft, leiðtogaefni sem nær árangri í öllu því sem hún tekur sér fyrir hendur."

Á útskriftardegi fléttast saman menntun og menning, tilhlökkun og tregi, stolt yfir stöðnum einingum og árangri í námi, hugleiðing um horfin veg og hvað sé handan hæðarinnar en umfram allt ósk okkar allra um bjarta framtíð. Hefð er fyrir því að vitna til hins nafnlausa skólaskálds í lok hvers annáls og að þessu sinni lagði það út af vinnusemi nemenda og þeirri visku og þeim húrrahrópum sem af henni hlýst:

*Hjá nemendunum viskan hefur völdin*
*og vinnusemin fer á söguspjöldin.*
*Brátt hljóðnar þetta geim*
*en húrra fyrir þeim*
*sem hverfa' á braut og þurftu'að læra' á kvöldin.*

JÖZ


## Dale Carnegie fyrir FOSS – Febrúar 2024

Viltu:

- **Efla sjálfstraust** til að láta til þín taka og styrkja þig í starfi
- **Bæta samskiptahæfni** til að byggja traust, auka samvinnu og hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfið
- **Auka tjáningarhæfni** til að tjá sig af lipurð og háttvísi, líka undir álagi
- **Bæta viðhorf** og hæfni til að takast á við krefjandi aðstæður og álag
- **Efla leiðtogafærni** til að geta veitt öðrum innblástur

**Námskeiðið hefst 1. febrúar,** er einu sinni í viku í 8 vikur frá kl. 18-22 og fer fram í Fjölheimum á Selfossi.

Félagsmönnum FOSS býðst 25% afsláttur **og geta félagsmenn sótt um styrk í Fræðslusjóð á móti og fer hann eftir úthlutunarreglum félagsins** ( Þeir sem skrá sig geta ekki fengið gjaldið endurgreitt nema hætt sé við með a.m.k tveggja vikna fyrirvara)

*Fullt verð: 215.000*

***Verð fyrir félaga FOSS: 161.250 (fyrir endurgreiðslu úr fræðslusjóði)***



FOSS

Dale Carnegie

# Fjörutíu myndlistar tengdir viðburðir á næstu fjórum mánuðum!

Í næstu viku, þriðjudaginn 9. janúar, hefst viðburðaröð hjá Myndlistarfélagi Árnessýslu undir heitinu „Myndlist 40-4“. Heitið vísar í fjölda viðburða, en þeir verða hvorki fleiri né færri en 40 talsins og á 4ra mánaða tímabili.

Eldhugar í stjórn félagsins vildu leggja sitt af mörkum til að bæði efla félagsstarfið og jafnframt að virkja aðra í samfélaginu sem stunda og/eða hafa áhuga á myndlist. „Við vitum af mjög mörgum einstaklingum sem stunda myndlist heima, sjálfum sér til yndis, en við viljum bjóða upp á aðstöðu þar sem fólk getur hist og haft félagsskap hvert af öðru um leið og það sinnir sinni listsköpun“ segir Katrín Ósk varaformaður félagsins.

Félagið hefur aðstöðu í Sandvíkursetri á Selfossi þar sem tvær skólastofur gegna hlutverki vinnurýmis, gangurinn þar á milli (Gallerí gangur) er notaður til sýningarhalds og eins er búið að útbúa huggulega kaffiaðstöðu á stiga pallinum. „Okkur fannst tilvalið að nýta þessa frábæru aðstöðu betur og gera það sem við gætum til að þeir sem vilja stunda myndsköpun í frábærum félagsskap fái tækifæri til þess“ útskýrir Berglind Björgvinsdóttir formaður félagsins.

Myndlist 40-4 býður upp á meira en aðstöðu til myndsköpunar því samhliða verður boðið upp á örnámskeið í myndlist í hverjum mánuði, fimm myndlistarsýningar verða haldnar á tímabilinu og endað verður á opnu húsi á sumardaginn fyrsta. Það eru því ekki aðeins þeir sem stunda myndlist sem fá eitthvað fyrir sinn snúð heldur munu þeir sem njóta þess að horfa á fallega myndlist fá nóg tækifæri til þess næstu fjóra mánuði. „Við viljum höfða til fólks víðsvegar á Suðurlandi og stefnum því á myndlistarsýningar vítt og breitt um svæðið og rúsínan í pylsuendanum verður svo vonandi sýning utandyra“ segja þær stöllur sem eru í forsvari fyrir myndlistarfélagið og verkefnið.








## Ás - Matartæknir / matreiðslumaður óskast til starfa

**Við á Ási dvalar- og hjúkrunarheimili leitum að metnaðarfullum og duglegum matartækni / matreiðslumanni í eldhúsið okkar.**

Um er að ræða 100% starfshlutfall. Greitt er eftir kjarasamningi Sameykis og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Vinnutíminn er 7:00-14:00 fjóra virka daga og aðra hverja helgi. Vaktafrí er á fimmtudegi fyrir vinnuhelgi og á mánudegi eftir vinnuhelgi.

**Starfslýsing:**
Matartæknir ber ábyrgð á faglegu og rekstrarlegu skipulagi og stjórnun eldhúss í samvinnu við yfirmatreiðslumann eldhússins. Hann hefur auk þess umsjón með daglegum rekstri, gæðum og ástandi véla, matvæla og tækjabúnaðar í samvinnu við yfirmatreiðslumann eldhússins.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Menntun/reynsla í að útbúa sérfæði
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi og metnaður í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni
- Íslenskukunnátta skilyrði

Á hjúkrunarheimilum Grundarheimilanna vinnur stór og samheldinn hópur starfsmanna að því að hlúa að öldruðum og sjúkum af alúð. Vellíðan, virðing og vinátta eru höfð að leiðarljósi í samskiptum og lögð er áhersla á góðan vinnuanda, sjálfstæð vinnubrögð og heimilislegt umhverfi.

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið. Gott er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar um starfið** veitir Rakel Rós Geirsdóttir deildarstjóri eldhúsa Grundarheimilanna á netfanginu
**rakelrg@dvalaras.is** eða í síma
480 2074 milli klukkan 9-15 virka daga.

**Við hlökkum til að heyra frá þér!**

GRUNDAR HEIMILIN



prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!

Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- Reynslumikil á sínu sviði
- Gæða þjónusta
- Áreiðanleiki
- Græn þjónusta

brandr Index

Umbúðir Almenn prentun Bækur Límmiðar Stimplar

Lynghálsi 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA JAFNLAUNAVOTTUN

## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



## FÉLAGSSTÖRF

FEB Félag eldri borgara Selfossi

**SKRIFSTOFA FEBSEL**

Opin fimmtudaginn 11. janúar kl. 13-14:30.

**HEILSUEFLING 60+**

Fyrstu tímar á nýju ári verða mánudaginn 15. janúar á Eyrarbakka, þri. 16. jan. á Selfossi og fös. 19 jan. á Stokkseyri.

## FUNDIR

Krabbameinsfélagið

**Opið mán kl. 11 til 15**
**miðv. kl. 11 til 15**
**föstud. kl. 11 til 14.**
**sími 482 1022**
**gsm 788 0300**

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi. Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## BÍLAR

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

## KIRKJUR

**Selfosskirkja:**
Sunnudagurinn 7. janúar: Sunnudagaskóli kl 11, með Sjöfn og leiðtogunum.

Messa kl 11. Kirkjukórinn leiðir sönginn við undirleik Elísu Elíasdóttur. Séra Ása Björk þjónar fyrir altari og prédikar.

Almennt safnaðarstarf hefst 9. janúar; morgunbænir, kóra- og barnastarf. Sjá selfosskirkja.is.

**Stokkseyrarkirkja:**
Messa kl 14. Kirkjukórinn leiðir sönginn við undirleik Hauks Gíslasonar. Séra Ása Björk þjónar og prédikar.

**Skálholtsdómkirkja**
Lesmessa verður kl. 11. Prestsþjónusta sr. Axel Á Njarðvík. Verið velkomin.

*Gleðilegt nýtt ár!*

## ÞJÓNUSTA

**Smiður óskar eftir verkefnum**
Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnréttingum, gips, málun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.

## HEILSA

Energy Touch - Nudd - Heildræn meðhöndlun
Jákvæðar hugsanir breyta deginum
Ragnhildur Sigurðardóttir
Farsími 693 2197
ragnhildurgagga.is
Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.



Með **Dáleiðslu** má vinna að úrbótum ýmiskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímann og sjá löngu liðna atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur** en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

**- Er einnig með Nudd og svæðanudd -**

**Heiðar Ragnarsson**
**Heilsulindinni í Miðgarði**
**s. 8981501**

# Stór viðburður hjá Judofélagi Suðurlands

Fimmtudaginn 21. desember bættust 2 svartbeltar í hóp Judofélags Suðurlands þeir Böðvar Arnarsson og Daníel Árnason, en reyndar er Daníel fósturbróðir úr Judofélagi Reykjanesbæjar en hann æfir með Judofélagi Suðurlands. Þeim til aðstoðar í prófinu var Hrafn Arnarsson.

Til hamingju Böðvar og Daníel með þennan stór áfanga.



*Böðvar Arnarsson – Daníel Árnason – Hrafn Arnarsson*

# Glatt á hjalla hjá Judofélagi Suðurlands

Í samkomuhúsi Eyrabakka þann 17. desember hélt Judofélag Suðurlands hátíð og ungir judomenn fengu sína fyrstu gráðun í judo. Glatt var á hjalla þegar ungir og eldri judomenn sýndu listir sínar. Samkomunni lauk síðan með því að gestir þáðu veitingar pylsur og piparkökur. Starfið hefst síðan aftur að fullum krafti 8. janúar.



*Friður hópur judomanna og leiðbeinandi þeirra Eirini 1. Dan í judo*



# Áramótapistill ritstjóra



*Helga Guðrún Lárusdóttir, ritstjóri Dagskrárinnar og DFS.is.*

Ég vil byrja á því að óska lesendum gleðilegs nýs árs og þakka þeim fjölmörgu aðilum og fyrirtækjum sem við höfum átt í samskiptum við á liðnu ári fyrir dásamlegt samstarf. Eins vil ég þakka þeim fjölda fólks sem hefur lagt það á sig að senda okkur hinar ýmsu ábendingar og aðsendar greinar, efni, pistla og pælingar. Án ykkar framlags ætti okkar fámenna ritstjórn umtalsvert erfiðara með að afla efnis og frétta af ýmsu stórmerkilegu sem á sér stað á landshlutanum okkar sem við myndum alls ekki vilja missa af og fyrir það ber að þakka.

Árið 2023 var sannarlega viðburðaríkt, nóg var að gera um allt Suðurland og áttum við fullt í fangi með að reyna að fylgja eftir þeim viðburðum sem áttu sér stað og öllum þeim fjölda afreka sem sunnlendingum tókst að áorka. Nú þegar árið er liðið í aldanna skaut og stefnir ekki á endurkomu, þykir mér við hæfi að líta yfir farinn veg og rifja upp tíu mest lesnu greinar DFS.is sem birtust sömuleiðis hér í Dagskránni.



*Sigurbjörn Snævar Kjartansson. Ljósmynd: Aðsend.*

## 1. Með mölbrotna sál eftir ástvinamissi og einelti

Hinn hjartahlýi Sigurbjörn Snævar Kjartansson, lyftarastjóri hjá SS á Selfossi, sagði frá í einlægu viðtali í ágústlok hvernig ferðalag hans í átt að tólf spora samtökum hafi verið, en eftir fjölda áfalla á lífsleiðinni hefur honum lærst að fyrirgefa og finna hamingjuna og í dag er hann annar tveggja leiðbeinenda sem leiða starfið Vinir í bata í Selfosskirkju.



*Bræðurnir Snorri og Gauti Sigurðssynir faðmast innilega eftir erfiða daga. Skjáskot úr myndbandi frá Fjólu Kristinsdóttur.*

## 2. Hjartnæmir endurfundir í Jórdaníu

Aðfaranótt 7. október var ríflega 120 manna hópur íslendinga staddur í Ísrael þegar stríð braust út í landinu. Var hópurinn staddur í Jerúsalem, aðeins 20 kílómetrum frá átakasvæðinu. Mikil óvissa ríkti meðal ferðalanganna sem urðu að strandaglópum þegar flugvellinum í Tel Aviv var lokað vegna sprengjuhótana. Eftir að hafa ferðast frá Ísrael yfir til Amman í Jórdaníu og farið fótgangandi yfir landamærin, komst hópurinn loks óhultur um borð í flugvél Icelandair. Selfyssingurinn Gauti Sigurðsson var flugstjóri vélarinnar Heklu Aurora og hjartnæmir endurfundir urðu þegar Gauti og bróðir hans Snorri Sigurðsson, sem hafði verið meðal íslendinganna, hittust heilir á húfi um borð í Heklu Aurora. Fjóla St. Kristinsdóttir, eiginkona Snorra, fangaði augnablikið á myndband og gaf okkur heimild til að nota meðfylgjandi skjáskot af þeim bræðrum.



*Páll L. Sigurjónsson og Helga Guðný Margrétardóttir við Hótel Grímsborgir. Ljósmynd: Kea Hótel.*

## 3. Hótel Grímsborgir fær nýja eigendur

Í júní tóku Keahótel við rekstri á Hótel Grímsborgum í Grímsnesi. Samningur til tuttugu ára var undirritaður og nær hann yfir alla starfsemi hótelsins, veitingastað, fundar- og ráðstefnusali sem og veisluþjónustu. Hótel Grímsborgir er fyrsta hótelið hér á landi sem hlaut 5 stjörnu vottun. Það opnaði fyrst sumarið 2009 og hefur vaxið og dafnað síðan.



*Helgi Hafsteinn Helgason, yfirlæknir lyflækningadeildar á Selfossi. Ljósmynd: HSU.*

## 4. Nýr yfirlæknir lyflækningadeildar á Selfossi

Helgi Hafsteinn Helgason, sérfræðingur í krabbameinslækningum, var í ágúst ráðinn yfirlæknir lyflækningadeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi. Helgi tók við stöðunni af Sigurði Böðvarssyni, sem hafði frá 2018 gegnt því starfi, auk framkvæmdastjórnar lækninga og starfa sem krabbameinslæknir á HSU en þeim störfum gegnir hann enn.



## 5. Styrktartónleikar fyrir fjölskyldu Guðjóns Björnssonar

Vörðukórinn, skipaður fólki úr Árnes- og Rangárvallasýslum, hélt sína árlegu vortónleika í Selfosskirkju í apríl. Í ár létu þau allan ágóða af tónleikunum, 483.500 kr., renna til fjölskyldu Guðjóns Björnssonar sem lést í vinnuslysi í mars. Auk þess gáfu kirkjuvörður, kórstjóri og einsöngvari vinnuna sína og Selfosskirkja og Rapid gáfu sína þjónustu, ásamt því að margir kórfélagar borguðu aðgangseyri til styrktar söfnuninni. Guðjón var fæddur árið 1983 og skildi eftir sig eiginkonu og þrjú börn. Hann var bóndi og rak kúabú ásamt konu sinni á Syðri-Hömrum 3 í Ásahreppi. Djúp sorg hvíldi yfir samfélaginu vegna fráfalls Guðjóns.



*Heklaðar ermar. Ljósmynd: Hannyrðabúðin.*

## 6. Heklaðar ermar

Prjónahornið okkar góða, sem unnið er í samstarfi við Öldu og Þóru í Hannyrðabúðinni, hefur alltaf notið mikilla vinsælda og árið 2023 var uppskrift að hekluðum ermum á topplistanum. Prjónahornið, sem hefur fært lesendum Dagskrárinnar meira en 250 uppskriftir á síðustu 12 árum, tók sér hlé um og eftir sumarið, en þær stöllur hjá Hannyrðabúðinni þurftu tímabundið frá að hverfa seinnipart árs og höfum við fengið fjölda fyrirspurna frá lesendum vegna þess. Við getum þó glatt ykkur kæru lesendur með því að segja ykkur að í ár er stefnan tekin á að hefja leika að nýju og megið þið búast við endurkomu Prjónahornsins fljótlega undir nýrri yfirskrift: Hannyrðahornið. Vilja Alda og Þóra að auki benda á að myndir af öllum verkefnunum er að finna á Facebook-síðu Hannyrðabúðarinnar og er bæði hægt að fá aðstoð og nálgast allar eldri uppskriftir hjá þeim.



*Upplognu göngin.*

## 7. Ný Ölfusárbrú víkur fyrir göngum undir Selfoss

Aprílgabb Dagskrárinnar í ár reyndist ansi vel lesið, en við gerð þess fengum við þá Sigurð Inga Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra Íslands og Leó Árnason, stjórnarformann Sigtúns þróunarfélags með okkur í lið í formi samþykktra gerviviðtala og fundar sem til stæði samdægurs á Sviðinu í miðbæ Selfoss. Auk þess nutum við aðstoðar Svanhildar Jónsdóttur samgönguverkfræðings við trúverðuga nálgun að gabbinu þar sem við lugum því blákalt að vikið hafi verið frá þeirri hugmynd að reisa nýja Ölfusárbrú og að í hennar stað stæði til að „arðbæra verkefnið“ göng undir Selfoss, myndi verða að veruleika. Upplognu göngin áttu að ná frá hringtorginu á Suðurlandsvegi langleiðina að Þingborg, með lyftu upp í miðbæ Selfoss.



*Halldóra Baldvinsdóttir, hársnyrtir og förðunarfræðingur.*

## 8. Best að vera utanbæjartútta

Hin fjölhæfa Halldóra Baldvinsdóttir, hársnyrtir og förðunarfræðingur, tók nýlega við rekstrinum á hársnyrtistofunni Stúdíó S á Selfossi og breytti um leið nafni stofunnar í Ópus Studio, en Halldóra rekur Ópus Studio nú bæði á Selfossi og í Hveragerði, þar sem hún er búsett. Halldóra er Reykvíkingur sem hélt að hún myndi aldrei kunna vel við sig annarsstaðar en í borginni en í dag segist hún hvergi annarsstaðar vilja vera en í Hveragerði eða nærsveitum.



*Sundlaug Stokkseyrar. Ljósmynd: Árborg.*

## 9. Heilsubót á Stokkseyri gerð að engu

Linda Ásdísardóttir, íbúi á Eyrarbakka og sundlaugargestur á Stokkseyri, átti mest lesna pistil ársins sem birtist þann 17. júlí, þar sem hún gagnrýndi takmörkun á opnunartíma og loks lokun Sundlaugarinnar á Stokkseyri sem hluta af hagræðingu í rekstri Árborgar. Hún sagði opnunartímann þá þegar af afar skornum skammti, en laugin hafði verið opin í 30 klukkutíma á viku og fór niður í 11 klukkutíma á viku fyrir lokun í nóvember. Til samanburðar væri opnunartími Sundhallar Selfoss 93 tímar á viku sem yrðu að 88 við hagræðinguna.



*Bartosz, fyrir miðju, ásamt starfsfólki Lilly & Julia´s Bistro.*

## 10. Lilly&Julia´s bistro opnar á Selfossi

Hinn glaðlyndi Bartosz Mójcik, sjálflærður kokkur með tæplega fimmtán ára reynslu úr veitingageiranum, opnaði veitingastaðinn Lilly & Julia´s bistro og veisluþjónustuna Gæða Matur í júníbyrjun. Veitingastaðinn, sem nefndur er eftir tveimur dætrum Bartosz, er að finna að Austurvegi 35 og er konseptið einfalt; ferskur matur, eldaður frá grunni, lítill árstíðarskiptur matseðill, hágæða hráefni og notalegt andrúmsloft í fallega innréttuðu rými. Sérstaklega er rík áhersla lögð á að allt sem kemur úr eldhúsinu sé gert frá grunni og eru girnilegir réttirnir innblásnir af matseld móður Bartosz, sem er frá Póllandi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2733 Fimmtudagur 4. janúar 2024

# Eric Máni Guðmundsson er Íþróttamaður Hveragerðis 2023

Það var Eric Máni Guðmundsson sem kjörinn var Íþróttamaður Hveragerðis árið 2023 fyrir framúrskarandi árangur í motocrossi.

Eric Máni er 16 ára gamall og var að klára fimmta keppnissumarið sitt þar sem hann nældi sér í þriðja Íslandsmeistaratitilinn á ferlinum. Hann vann allar keppnir sumarsins. Að auki er hann í landsliðinu undir 21 árs. Eric Máni fór að æfa hjá Motocrossdeild UMFS sumarið 2023 og er öðrum góð fyrirmynd í sportinu.

Eric Máni er staddur í æfingaferð á Spáni og því tók amma hans, Sigríður Kristjánsdóttir, við viðurkenningunni fyrir hans hönd.


*Eric Máni Guðmundsson. Mynd: Aðsend.*

*Fimm aðrir íþróttamenn voru tilnefndir til Íþróttamanns Hveragerðis úr mismunandi íþróttagreinum:*

**Badmintondeild**
Úlfur Þórhallsson hefur átt gott ár og tekið jöfnum framförum. Hann er fyrirmynd ungra badmintonspilara innan vallar sem utan.

**Blakdeild**
Hafsteinn Valdimarsson var lykilmaður í liði Hamars sem varð bikar- og deildarmeistari á árinu. Hann lék einnig með landsliði Íslands sem tók þátt í smáþjóðamóti í júní en þar náði liðið þriðja sæti í mótinu. Hann hefur verið lykilleikmaður í sínum liðum og er til mikillar fyrirmyndar jafnt innan vallar sem utan.

**Körfuknattleiksdeild**
Björn Ásgeir Ásgeirsson stóð sig mjög vel í úrslitakeppninni í fyrstu deildinni í vor og átti stóran þátt í að koma Hamri aftur í efstu deild. Hann hefur tekið miklum framförum á þessu tímabili og átt mjög góða leiki í Subway deildinni.

**Knattspyrnudeild**
Brynjar Óðinn er fyrsti iðkandinn hjá Knattspyrnudeild Hamars til að vera valinn í keppnishóp U15 landsliðsins.

**Lyftingafélagið Hengill**
Anna Guðrún Halldórsdóttir var að koma aftur til keppni eftir tveggja ára hlé. Hún keppti á jólamóti LSÍ sunnudaginn 17. desember sl. Þar setti hún Íslandsmet þegar hún snaraði 54 kg sem hún bætti svo í lyftu nr. 3 þegar hún snaraði 57 kg. Einnig setti hún met með öllum þremur lyftunum í jafnhendingu, fyrst með 73 kg, svo 77 kg og loks 80 kg. Anna Guðrún, sem fædd árið 1969, á því í dag Íslandsmet í snörun, jafnhendingu og samanlögðu í öllum aldursflokkum frá 35 ára í 87 kílóa flokki kvk.

Einnig voru veittar viðurkenningar til þeirra sem hafa unnið Íslands- og bikarmeistaratitla á árinu auk þeirra sem hafa verið valdir í landslið.


*Athöfnin fór fram í Listasafni Árnesinga fimmtudaginn 30. desember síðastliðinn. Mynd: Aðsend.*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HSH
þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-, ræstingar, þrif og flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is